


Sigurður Halldórsson lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1985, þar sem kennari hans var Gunnar Kvaran. Framhaldsnám stundaði Sigurður í London. Hann lauk prófi frá einleikaradeild Guildhall School of Music and Drama og „Performance and Communication Skills“ frá sama skóla. Hann var í einkatímum hjá Raphael Sommer og lærði jafnframt söng hjá Arthur Reckless og Angus Davidson. Sigurður hefur meðal annars starfað með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput hópnum, Hljómeyki og haldið tónleika hérlendis og víða erlendis. Hann stjórnar kór Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Daníel Þorsteinsson lauk burtfarar og kennaraprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar vorið 1986 þar sem aðalkennari hans var Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir. Einnig nam hann píanóleik hjá Halldóri Haraldssyni. Frá hausti 1988 hefur Daníel verið við nám í Sweelinck Tónlistarháskólanum í Amsterdam undir handleiðslu Willems Brons. Hann hefur og starfað við dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu undanfarin ár. Daníel hefur komið fram á tónleikum hérlendis og víða erlendis og hefur haldið fjölda tónleika með Sigurði Halldórssyni.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sigurður Halldórsson
sellóleikari
og
Daníel Þorsteinsson
píanóleikari



18. ágúst 1992 kl. 20:30

Moderato eftir Dmitri Shostakovits fannst nokkru eftir andlát hans. Er hugsanlegt að því hafi upphaflega verið ætlað hlutverk þáttar í sellósónötunni ópus 40, en vitað er að það var samið á fjórða áratugnum og er það um margt líkt t.d. Prelúdíunum ópus 34. Moderato var fyrst gefið út árið 1986 og hefur líklegast ekki heyrst á tónleikum í Reykjavík fyrr.

Claude Debussy ákvað, er hann var orðinn sjúkur maður, að semja sex sönotur fyrir mismunandi hljóðfæri til minningar um konu sína. Honum entist aldur til að ljúka aðeins þremur þeirra, og var sónatan fyrir selló og píanó þeirra síðust. Í verki þessu, sem er fremur stutt, er á köflum líkt og maður skynji nálægð dauðans og jafnvel að boðið sé upp í „Danse Macabre“.

Alfred Schnittke er eitt af helstu núlifandi tónskáldum rússa og nýtur sívaxandi vinsælda og virðingar. Hann hefur reynt sig við helstu stefnur í tónlist 20. aldar: Tólftóna kerfið, seríalísma og raftónlist, en í þessu verki sem er frá árinu 1978 koma glöggt fram þau tvö aðalsmerki er einkenna mörg verka hans; napurt háðið og djúp alvaran.

Tékkneska tónskáldið Bohuslav Martinu samdi töluvert af tónlist fyrir selló og eru verk hans æ oftast valin til flutnings hérlandis. Sterkra þjóðlagaáhrifa gætir jafnan í tónlist Martinus og er Sónata nr. 2 þar engin undantekning, með tíðum taktskiptum og dans-áherslum.

Efnisskrá

Dmitri Schostakovits (1906 - 1975)	Moderato
Claude Debussy (1862 - 1918)	Sonate Prologue: Lent Sérénade et Finale
Alfred Schnittke (f. 1934)	Sonate Largo Presto Largo
Bohuslav Martinu (1890 - 1959)	Sonata no. 2 Allegro Largo Allegro commodo